

89. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 22. október 2019
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi, Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi.

Dagskrá:

Kristján Andri mætir til fundarins kl. 8:10.

1. Fjárhagsáætlun 2020 - 2019030031

Á 1079. fundi bæjarráðs 21. október sl., voru umræður um fjárfestingar og viðhald, og lagði bæjarráð til við umhverfis- og framkvæmdanefnd að halda áfram með vinnu við áætlun í fráveitumálum.

Umhverfisnefnd telur að fyrsta skref við áætlunargerð vegna fráveitumála sveitarfélagsins sé að mynda lagnir í öllum byggðarkjörnunum. Umhverfisnefnd óskar eftir fjárveitingum á árinu 2020.

Kristján Andri yfirgefur fundinn klukkan kl. 8:55.

Tinna Ólafsdóttir mætir til fundarins kl. 8:15.

2. Sorpmál 2018 eftirlit GV - 2018010004

Umhverfisfulltrúi kynnir hugmynd um klippikort samkvæmt fyrirmynd frá Akureyrabæ.

Umhverfisnefnd felur umhverfisfulltrúa í samstarfi við upplýsingafulltrúa, ásamt innkaupa- og tæknifulltrúa að leita stafrænna lausna.

Tinna Ólafsdóttir yfirgefur fundinn kl. 9:45.

3. Gangstéttir 2019 - 2018060075

Umræða um lagfæringar á gangstéttum fyrir árið 2020

Umhverfisfulltrúa er falið að leggja til drög að áætlun á framkvæmdkostnaði á árinu 2020.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson

Helga Þuríður Magnúsdóttir